

Framangreint grunnjald kr. 243 700 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 258 stig. Grunnjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunnjaldi almanaksársins.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur rafmagnsveitustjóri ríkisins áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat, skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 11 512 000 kr. en þó eigi lægra en fasteignamatsverð húsa. Heimtaugargjöld sumarbústaða, sumarbúða, veiðihúsa, hótela, verksmiðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra aðila, sem ekki eru í tengslum við búrekstur, greiðist samkvæmt kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtauga eða spennistöðva fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein skulu heimtauggjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línnum, sem fram yfir eru.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1979 skv. auglýsingu nr. 314/1979 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 233 15. maí 1979.

*Iðnaðarráðuneytið 19. september 1979.*

F. h. r.

Páll Flygenring.

*Kristmundur Halldórsson.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 437, 30. desember 1978  
um sérstakt tímabundið vörugjald.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Greiða skal í rikissjóð sérstakt vörugjald af tollverði innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum og af verksmiðjuverði innlendra framleiðsluvöru og innfluttrar vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð hér á landi.

Gjaldið skal greitt í tveimur eftirfarandi gjaldflokkum:

1. Af vörum, sem falla undir gjaldflokk A, sbr. 2. gr., skal greiða 18% gjald til og með 11. september 1979 en tímabilið frá og með 12. september 1979 til og með 31. desember 1980 greiðist 24% gjald.
2. Af vörum, sem falla undir gjaldflokk B, sbr. 2. gr., skal greiða 30% gjald.

## 2. gr.

1. og 2. málslíður 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjald skv. 1. gr. er innheimt við tollafgreiðslu á innfluttum vörum og skal það greitt í tveimur eftirfarandi gjaldflokkum:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 18% gjald til og með 11. september 1979 en tímabilið frá og með 12. september 1979 til og með 31. desember 1980 greiðist 24% gjald.

## 3. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr A-lið 2. gr. reglugerðarinnar: 97.06.01, 97.06.02 og 97.06.09.

## 4. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr B-lið 2. gr. reglugerðarinnar: 92.01.00, 92.02.00, 92.03.09, 92.04.01, 92.04.09, 92.05.00, 92.06.00, 92.07.01, 92.07.09, 92.08.00, 92.10.00 og 92.12.21.

## 5. gr.

2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo.

Þegar almenn verðlagning framleiðanda er miðuð við heildsöluverð reiknast hið sérstaka vörugjald 24% og 30%, sbr. 2. mgr. 1. gr. á 90.09% heildsöluverðsins. Svarar það til 21.62% og 27.03% af heildsöluverði án nokkurs frádráttar á kostnaði, svo sem umboðs- eða sölulaunum, afslætti eða öðrum gjöldum. Þegar selt er með söluskatti reiknast gjaldið á vöruverð án söluskatts en hið sérstaka vörugjald myndar stofn til söluskatts.

## 6. gr.

12. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjalddagar sérstaks vörugjalds af sölu innlendar framleiðslu á árinu 1979 eru fjórir. Gjalddagi fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars er 1. maí 1979, gjalddagi fyrir tímabilið 1. apríl til 30. júní 1979 er 1. ágúst 1979, gjalddagi fyrir tímabilið 1. júlí til 30. september 1979 er 1. nóvember 1979 og gjalddagi fyrir tímabilið 1. október til 31. desember 1979 er 1. febrúar 1980.

Gjalddagar sérstaks vörugjalds af sölu innlendar framleiðslu á árinu 1980 eru fjórir. Gjalddagi fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 1980 er 1. maí 1980, gjalddagi fyrir tímabilið 1. apríl til 30. júní 1980 er 1. ágúst 1980, gjalddagi fyrir tímabilið 1. júlí til 30. september 1980 er 1. nóvember 1980 og gjalddagi fyrir tímabilið 1. október til 31. desember 1980 er 1. febrúar 1981.

Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist hann á næsta virkan dag á eftir.

## 7. gr.

14. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hið hækkaða vörugjald, sem lagt skal á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 12. september 1979 skv. 1. gr. reglugerðar þessarar, skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendar framleiðslu frá og með 12. september 1979 og af innfluttum vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 12. september 1979.

Af vörum, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 12. september 1979 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, skal greiða hið hækkaða vörugjald, sem skv. 1. gr. reglugerðar þessarar skal gilda frá og með 12. september 1979, nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir 1. nóvember 1979.

## 8. gr.

15. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Óheimilt er vegna hækkunar vörugjalds skv. 1. gr. að hækka verð vörubirgða, sem vörugjald hefur þegar verið greitt af við gildistöku reglugerðar þessarar.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar gilda eftir því sem við á, ákvæði laga nr. 54/1960 um verðlagsmál og laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 102/1978.

## 9. gr.

Niðurfelling gjaldsins skv. 3. og 4. gr. skal miðuð við sölu eða aðra afhendingu frá og með 12. september 1979 ef um innlenda framleiðslu er að ræða en um innfluttar vörur skulu gilda í þessum efnunum ákvæði 3. mgr. 14. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

## 10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 74 10. september 1979 og lög nr. 84 16. október 1979 um breyting á þeim lögum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Vegna tímabilsins 1. júlí til og með 30. september 1979 skulu framteljendur skila tveimur vörugjaldsskýrslum, annarri vegna vörugjaldsskyldrar innlendar framleiðslu fyrir tímabilið 1. júlí til og með 11. september 1979 en hinn vegna vörugjaldsskyldrar innlendar framleiðslu fyrir tímabilið frá 12. september til og með 30. september 1979. Skattfyrvöld geta krafist hvers konar upplýsinga af vörugjaldsskyldum aðilum um skiptingu viðskipta milli þessara tveggja tímabila, þar á meðal upplýsinga um dreifingu viðskipta eftir árstíma á þessu og fyrri árum.

*Fjármálaráðuneytið, 16. október 1979.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Höskuldur Jónsson.*

1. október 1979.

Nr. 410.

**REGLUGERÐ**

**um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vörum sem endursendar eru til útlanda.**

**I. KAFLI.**

**Um niðurfellingu aðflutningsgjalda.**

## 1. gr.

Heimilt er að heimta ekki aðflutningsgjöld af ótollafgreiddri vöru í vörslu farmflytjanda sem ekki hefur verið vitjað, viðtakandi hefur ekki fundist að eða neitað hefur verið um viðtöku á og endursend er til útlanda, enda sé við endursendingu fullnægt eftirtöldum skilyrðum:

1. Lögð sé fram hjá viðkomandi tollyfirvaldi skrifleg beiðni á þar til gerðu eyðublaði um tollskoðun á þeirri vöru sem senda á til útlanda, svo og viðurkenning eða skrifleg beiðni hins erlenda seljanda um endursendingu hennar, ásamt nauðsynlegum tollskjölum hafi þau ekki þegar verið afhent.
2. Sett sé full fjártrygging fyrir áföllnum aðflutningsgjöldum.